

Fundargerð Minjaráðs Norðurlands eystra 25. júní 2021 kl. 10:00-12:00

Fundur haldinn á Hofstöðum í Mývatnssveit

Viðstaddir: Guðmundur Ögmundsson, Unnsteinn Ingason Haraldur Þór Egilsson og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Helstu fréttir frá minjasvæðinu.

Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra kynnti stuttlega hvernig starfsemi Minjastofnunar á svæðinu hefur verið undanfarið og hvaða rannsóknir verða í sumar.

2. Hofstaðir í Mývatnssveit, rannsóknarsaga, helstu niðurstöður og framtíð Hofstaða

Sædís kynnti helstu niðurstöður áratugalangra rannsókna á Hofstöðum og víðar í Mývatnssveit sem og helstu uppbyggingarhugmyndir fyrir svæðið. Einnig komu sumarstarfsmenn stofnunarinnar, Alma Rún Hreggviðsdóttir, Arnar Sigurðsson og Heiðís Snorradóttir aðeins inná fundinn og kynntu þau verkefni sem þau vinna að í sumar á Hofstöðum. Að lokum var farið um minjasvæðið og rústirnar skoðaðar.

3. Heimsókn á Grænavatn

Bergþóra Kristjánsdóttir tók á móti ráðinu á Grænavatni, leiðsagði hópnum um gamla bæinn og hluta útihúsa og fræddi þau um sögu staðarins og þær endurbætur sem verið að vinna að.

Fleira var ekki gert

Fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir